

Fimmtudaginn 30. janúar 1997.

Nr. 29/1996.

Vátryggingafélag Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Sverri Guðjónssyni

(Helgi Birgisson hrl.)

Vátrygging. Slysatrygging ökumanns.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1996. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda bætur vegna bifhjólaslysa, sem hann varð fyrir 8. október 1991 og 11. júní 1992, en stefndi krafðist bóta fyrir slysin úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Eftir uppsögu héraðsdóms greiddi áfrýjandi stefnda 1.100.000 krónur ásamt vöxtum og til-dæmdum málskostnaði, 400.000 krónum. Eru aðilar sammála um, að sú greiðsla teljist fullnaðarbætur til stefnda vegna fyrra slyssins. Hins vegar vefengir áfrýjandi, að sér sé skylt að greiða bætur vegna slyssins 11. júní 1992, og er aðalkrafa hans um sýknu á því reist.

I.

Eftir gögnum málsins keypti maður að nafni Sævar Þór Magnússon hjá áfrýjanda lögmælt ábyrgðartryggingu og lögmælt slys-atryggingu ökumanns vegna bifhjólsins G 20009 22. júlí 1991. Mun Sævar þó ekki hafa verið skráður eigandi þess.

Stefndi kvaðst hafa keypt bifhjólið af Péttri H. Egilssyni þremur til fjórum mánuðum áður en hann slasaðist við akstur á hjólinu 11. júní 1992. Pétur var aldrei skráður eigandi bifhjólsins, en samkvæmt lögregluskýrslu um slysið var eigandi hjólsins þá Ingimundur Svan-

ur Sigmundsson og „tryggingarfélag Sjóvá-Alm.“. Ekki var Bifreiðaskoðun Íslands eða áfrýjanda tilkynnt um kaup stefnda á hjólinu fyrr en í september 1992. Kveðst stefndi hafa í samráði við skráðan eiganda bifhjólsins, áðurnefndan Ingimund, tilkynnt um eigendaskipti að því. Jafnframt óskaði stefndi eftir, að ábyrgðartrygging vegna bifhjólsins yrði hjá Tryggingu hf.

II.

Vátryggingarskilmálar þeirra lögmæltu vátrygginga, sem keyptar voru 22. júlí 1991 vegna bifhjólsins G 20009, eru tvíþættir. Annars vegar eru skilmálar fyrir ábyrgðartryggingu og hins vegar slysátryggingu ökumanns. Er í 4. og 5. gr. fyrrnefndra skilmála kveðið svo á, að ábyrgðartryggingin gildi fyrir nýjan eiganda ökutækis í fjórtán daga eftir eigendaskipti að ökutækinu, ef hinn nýi eigandi hefur ekki keypt aðra vátryggingu vegna tækisins. Jafnframt kemur fram, að nýr eigandi er ekki vátryggður að liðnum fjórtán dögum frá eigendaskiptum. Samsvarandi ákvæði er ekki í skilmálum áfrýjanda fyrir slysátryggingu ökumanns. Í þeim er ekki heldur vísað til 4. eða 5. gr. skilmála ábyrgðartryggingarinnar, þótt í slysátryggingarskilmálunum komi fram, að nokkrar nánar tilteknar greinar í skilmálum ábyrgðartryggingar eigi við um slysátrygginguna.

III.

Þegar atvik málsins gerðust, var í gildi reglugerð nr. 307/1988 um ábyrgðartryggingu ökutækja o. fl. Tók reglugerðin einnig til slysátryggingar ökumanns. Ákvæði 13. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo: „Þegar eigendaskipti verða að skráðu vélknúnu ökutæki, gildir hin fyrri vátrygging gagnvart nýjum eiganda í 14 daga, nema ökutækið hafi áður verið afskráð eða ný vátrygging keypt fyrir það.“

Samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal eigandi skráningarskylds ökutækis kaupa vátryggingu á ökumann þess. Einnig segir í 1. mgr. 93. gr. laganna, að vátryggingarskylda eftir 92. gr. hvíli á eiganda ökutækisins eða þeim, sem hefur varanlega umráð þess. Stefndi sinnti ekki skyldu sinni til að kaupa lögmæltar vátryggingar vegna bifhjóls síns fyrr en nokkrum vikum eftir að hann slasaðist á því.

Reglur í 2. og 3. málslíð 1. mgr. 6. gr. fyrrgreindrar reglugerðar um greiðsluskyldu vátryggingarfélags, þegar vátryggingartaki hefur

vanrækt skuldbindingar sínar gagnvart félaginu, eiga ekki við í þessu máli, en reglur þessar eru eigi settar til hagsbóta þeim, sem vanrækt hefur váttryggingarskyldu samkvæmt 92. eða 93. gr. umferðarlaga.

Pegar stefndi slasaðist 11. júní 1992, var ekki í gildi váttryggingarsamningur milli hans og áfrýjanda. Af því og ákvæði 13. gr. reglugerðar nr. 307/1988 leiðir, að stefndi á ekki kröfu á hendur áfrýjanda um bætur fyrir slysið. Er ákvæði 13. gr. um þetta efni skýrt og ótvírætt. Ákvæði, sem rakin eru í II. kafla hér að framan úr váttryggingarsamningi áfrýjanda og manns, er áður átti bifhjólið, haggja ekki þessari niðurstöðu. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Váttryggingafélag Íslands hf., er sýkn af kröfum stefnda, Sverris Guðjónssonar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. nóvember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 6. október sl., er höfðað af Sverri Guðjónssyni, Miklubraut 52, Reykjavík, gegn Váttryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 4, Reykjavík, með stefnu, birtri 22. október 1994.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 3.775.014 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum]. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur lægri fjárhæðar með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 250.100 kr. með einföldum ársvöxtum af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 9. október 1991 til greiðsludags auk innheimtupóknunar, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir og ágreiningsefni.

Hinn 8. október 1991 ók stefnandi bifhjólinu OP-150 vestur Nýbýlaveg í Kópavogi. Féll stefnandi þá í götuna og slasaðist, en við skýrslutöku hjá lögreglu sama dag kvaðst hann hafa misst stjórn á bifhjólinu vegna bifreiðar, sem honum fannst hafa ekið inn á vegarhelminginn, er stefnandi ók á, nokkuð vestan við gatnamót Túnbrekku og Nýbýlavegar. Stefnandi leit-aði á slysadeild Borgarspítalans umræddan dag, og kom þá í ljós, að hann var marinn á hægra hné og vinstri mjöðm, og einnig hafði hann tognað í baki og hálsi. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 17. janúar 1992, voru við skoðun 8. október 1991 væg þreifiefymsli framan til yfir mjaðmarspaða, eymsli framanvert og innanvert á hnjálið og væg eymsli efst á hálsi. Við skoðun 14. október 1991 var hné stefnanda eðlilegt, en hann hafði væg þreifiefymsli á hálsvöðvum og mjóbaki.

Hinn 11. júní 1992 varð stefnandi aftur fyrir slysi á bifhjóli, er hann ók bifhjólinu EX-726 frá Barmahlíð og inn á Reykjahlíð í norður, þar sem hann lenti í árekstri við bifreiðina X-2049, sem ekið var á móti honum. Við áreksturinn kastaðist stefnandi af bifhjólinu í götuna. Var hann fluttur í sjúkrahúsfreið á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt læknisvottorði, sem dagsett er 15. nóvember 1993, kvartaði stefnandi um óþægindi frá mjöðmum og mjóbaki, er hann kom á slysadeild eftir slysið. Við skoðun þann dag kom í ljós, að stefnandi hafði mikinn sársauka við mjaðmargrind og mjaðmarlið vinstra megin, og merki voru um töluverða höggáverka. Einnig voru væg eymsli neðst í baki. Þá sýndu röntgenmyndir af mjaðmargrind brot vinstra megin við spjaldlið og hægra megin í spjaldhryggsbeini. Voru brotin meðhöndluð með viðeigandi aðgerð, og lá stefnandi á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans frá 11. júní 1992 til 2. júlí 1992. Hinn 29. janúar 1993 hafði stefnandi enn töluverð óþægindi frá mjóbaki, en var óþægindalaus frá mjaðmargrind að öðru leyti en því, að hann varð allþreyttur við gang og álag. Röntgenmyndir af baki sýndu, að spening var gróin og ekki voru merki um neitt óeðlilegt. Við skoðun 2. nóvember 1993 fann stefnandi fyrir eymslum í mjóbaki og seyðingi niður í spjaldhrygg. Einnig hafði kuldi sótt mjög að bakinu, en honum fylgdi stirðleikatilfinning. Þá hafði stefnandi óþægindatilfinningu frá hnénu.

Júlíus Valsson læknir hefur metið örorku stefnanda vegna framan-greindra slysa, en samkvæmt mati hans, sem dagsett er 11. apríl 1994, var varanleg örorka stefnanda vegna fyrra slyss metin 5%. Varanleg örorka vegna síðara slyss var einnig metin 5%. Tímabundin örorka vegna fyrra slyss var metin í eina viku 100%, en vegna síðara slyss í átta mánuði 100% og í tvo mánuði 50%.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta á hendur hinu stefnda tryggingafélagi til greiðslu bóta fyrir tjón það, sem hann telur sig hafa orðið fyrir í umræddum umferðarslysum. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi verið tryggður sem ökumaður bifhjólanna samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þegar hann varð fyrir ofangreindum slysum. Er í málinu deilt um það, hvort tryggingin hafi verið í gildi í síðara tilviki, þar sem hinu stefnda tryggingafélagi var ekki tilkynnt um eigendaskipti á viðkomandi bifhjóli, en stefnandi hafði keypt hjólið nokkrum mánuðum fyrir slys, en var ekki skráður eigandi þess. Einnig er ágreiningur um fjárhæð bóta.

Samkvæmt afsali á dskj. nr. 22, sem er ódagsett, keypti stefnandi bifhjólíð, er hann ók, 11. júní 1992 af Péttri Egilssyni. Stefnandi upplýsti við munnlega skýrslutöku fyrir dóminum, að kaupin hefðu farið fram þremur til fjórum mánuðum áður en hann lenti í slysinu. Pétur var þá ekki skráður eigandi bifhjólsins, en hann hafði áður keypt það af Sævari Þór Magnússyni, án þess að gengið væri frá eigendaskiptum. Stefnandi kvaðst ekki hafa getað tryggt bifhjólíð, þar sem það var ekki skráð á sitt nafn. Eftir slysið gekk stefnandi frá skráningu á sitt nafn við skráðan eiganda bifhjólsins, Ingimund Sigmundsson, og var þá einnig gengið frá tryggingu á bifhjólinu hjá tryggingafélaginu Tryggingu. Þá hefur stefnandi upplýst, að bifhjólíð hafi þó aldrei verið notað eftir slysið, þar sem það hafi verið óökufært. Í tilkynningu um eigendaskipti til ökutækjaskrár á dskj. nr. 23 er kaupsamningur milli stefnanda og Ingimundar sagður dagsettur 9. ágúst 1992, en tilkynningin er stimpluð af pósthöð 9. september sama ár.

— — —

Niðurstöður.

Viðurkennt er af hálfu hins stefnda tryggingafélags, að bifhjólíð G-20009 (EX-726) var tryggt hjá félaginu frá 22. júlí 1991, eins og fram kemur í greinargerð stefnda, og að vátryggingartaki hafi verið Sævar Þór Magnússon. Þá er óumdeilt, að stefnandi keypti umrætt bifhjól 3–4 mánuðum fyrir umferðarslysið, sem hann lenti í á bifhjólinu 11. júní 1992. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vátryggingin hafi fallið úr gildi fjórtán dögum eftir kaupin samkvæmt 13. gr. reglugerðar um ábyrgðartryggingu ökutækja o. fl. nr. 307/1988. Því er þó ekki haldið fram af hálfu stefnda, að tryggingin hafi fallið úr gildi af þeirri ástæðu, að bifhjólíð hafi verið tryggt hjá öðru vátryggingafélagi. Stefnandi hefur lýst því fyrir dóminum, að hann hafi átt í erfiðleikum með að fá bifhjólíð skráð á sitt nafn, vegna þess að seljandi bifhjólsins var ekki skráður eigandi þess, en samkvæmt afsali keypti stefnandi bifhjólíð af Péttri Egilssyni. Þá kvaðst stefnandi hafa talið, að hann gæti ekki

keypt tryggingu fyrir bifhjólið, vegna þess að það var ekki skráð á sitt nafn, en hann hafi þó gert ráð fyrir, að bifhjólið væri tryggt, þar sem það var á númerum.

Ljóst er, að sú skylda hvílir á eiganda ökutækis að kaupa vátryggingu vegna ökutækisins, bæði ábyrgðartryggingu samkvæmt 91. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. sömu laga, sbr. 93. gr. laganna. Einnig hvílir sú skylda á eiganda ökutækis, bæði kaupanda og seljanda, að tilkynna Bifreiðaskoðun Íslands eigendaskipti að ökutækinu, sbr. 20. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 523/1988, sem sett er með heimild í 64. gr. umferðarlaga. Þrátt fyrir það að þetta hafi ekki verið gert og þrátt fyrir fyrirmæli í 13. gr. reglugerðar nr. 307/1988 um gildistíma vátryggingar gagnvart nýjum eiganda ökutækis, verður með vísan til 6. gr. sömu reglugerðar að telja greiðsluskyldu stefnda vera í gildi gagnvart stefnanda sem ökumanns bifhjólsins í umræddu tilfelli. Samkvæmt því og með vísan til 92. gr. umferðarlaga er stefnda skylt að bæta stefnanda það tjón, er stefnandi varð fyrir í umræddu umferðarslysi.

Samkvæmt örorkumati Júlíusar Valssonar læknis á dskj. nr. 13 hlaut stefnandi alvarlegan áverka í slysinu 11. júní 1992 vegna brota á mjaðmargrind. Þótt stefnandi sé í matinu talinn hafa náð sér að mestu eftir slysið, hafði hann þó óþægindi í mjaðmargrind og mjóbaki, er skoðun fór fram í október 1992 og nóvember 1993, en óþægindin eru talin versna við álag. Einnig kemur fram í matinu, að búast megi við, að stefnandi muni framvegis hafa einhver óþægindi frá baki, sem rekja megi til slyssins og valdi því, að hann eigi erfitt með að bogra og lyfta þungum hlutum, svo og eigi stefnandi erfitt með erfiðisvinnu vegna þessa. Þá kemur einnig fram, að stefnandi hlaut áverka á hægri hné við slysið, sem hann lenti í 8. október 1991. Um væri að ræða slitgiktarbreytingar undir hnéskel, sem oft gefi þrálát ein-kenni, svo sem verki við álag og stirðleika í hvíld. Örorka stefnanda var metin 5% vegna hvors slyss.

Í læknisvottorði á dskj. nr. 8 kemur fram, að stefnandi fékk vottorð um óvinnufærni frá 8. október 1991 til 14. sama mánaðar, og í ofangreindu örorkumati var tímabundin örorka stefnanda vegna slyssins 8. október 1991 metin 100% í eina viku og vegna slyssins 11. júní 1992 í átta mánuði 100% og í tvo mánuði 50%. Í málinu liggja ekki fyrir neinar upplýsingar eða skrifleg gögn um, að stefnandi hafi ekki misst tekjur vegna tímabundinnar örorku, sem stefnandi hlaut í ofangreindum umferðarslysum, en stefnandi upplýsti fyrir dóminum, er hann gaf þar munnlega skýrslu, að hann hefði verið óvinnufær og hætt að vinna vegna síðara slyss. Einnig upplýsti hann, að hann hefði verið að læra vélvirkjun í Iðnskólanum, þegar hann varð fyrir

slysinu. Hann hafði þá lokið fimm önnum, en átti eftir tvær annir til að ljúka námi. Eftir að hann varð aftur vinnufær, fór hann að vinna hjá verk-tökum, en síðan hjá Olúfúlaginu, og hefur hann starfað þar síðan. Hann kvaðst vera þar í tímabundinni vinnu, en síðan hefur hann í hyggju að ljúka námi. Ekki lægi þó fyrir, hvenær hann færi aftur í skólann.

Kröfur stefnanda í málinu eru reistar á ofangreindu örorkumati og útreikningum tryggingafræðings frá 1. september 1995. Verða batur stefnanda ákveðnar með hliðsjón af þeim útreikningum, en tekjur eru þar áætlaðar fyrstu árin samkvæmt taxa Dagsbrúnar fyrir fiskvinnu, eins og nánar greinir í matinu, en frá 26. aldursári eru þær áætlaðar út frá meðaltækjum iðnaðarmanna. Í útreikningum eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands fram að útreikningsdegi við útreikning á höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps, en eftir útreikningsdag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir.

Rétt þykir að ákveða batur fyrir fjártjón og miska í einu lagi. Þykja þær hæfilega ákveðnar 2.300.000 kr., en þá hefur verið tekið tillit til skattfrelsis bóta, hagræðis af eingreiðslu og að stefnandi hefur fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna síðara slyss, sem reiknast á slysdegi samtals 408.486 kr. Þá þykir rétt, að greiddir verði vextir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1988 frá 8. október 1991 af 1.100.000 kr. til 11. júní 1992, en af 2.300.000 kr. frá þeim degi til dómuppkvaðningardags, en dráttarvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá dómuppkvaðningu til greiðsludags.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 kr., þ. m. t. útlagður kostnaður, en málflutningsþóknun er ákveðin án tillits til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Sverri Guð-jónssyni, 2.300.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1991, af 1.100.000 kr. til 11. júní 1992, en með sömu vöxtum af 2.300.000 kr. frá þeim degi til dómuppkvaðningardags og dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags svo og 400.000 kr. í málskostnað, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.